

Reykjavík, 15. október 2020

SFS2020080236

194. fundur

HG/þþ/hþh

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðbúnað og upplýsingatækni í norðanverðum Grafarvogi

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um tækjakost barna og kennara í þremur nýjum skólum í norðanverðum Grafarvogi. Hafa kennarar til afnota nýjar fartölvur til þess að sinna sínum störfum staðbundið eða óstaðbundið? Hafa kennarar fengið þjálfun vegna fjarfunda? Hafa nemendur sinn Ipad til afnota? Hversu mörgum nýlegum borðtölvum hafa nemendur aðgang að í tölvuverum/bókasöfnum? Er skipulagt tölvu/margmiðlunarnám á stundaskrá allra árganga, ef svo er hvað eru það margir tímar á nemenda? Óskað er eftir svörum við þessum spurningum verði greind niður á skóla.

Svar:

Tækjakostur kennara

Á fundi borgarstjórnar þann 5. desember 2017 var samþykkt að kennarar og fagfólk í meira en 40% stöðugildi í grunnskólum Reykjavíkurborgar ættu að hafa val um eigin búnað. Svör frá skólunum þremur sýna að langflestir kennarar hafa aðgang að fartölvum. Allir kennarar í Borgarskóla hafa aðgang að fartölvum sem styttest í að þurfi að endurnýja. Allir umsjónarkennarar í Engjaskóla hafa fartölvur sem eru 2ja til 3ja ára en list- og verkgreinakennarar eru ekki enn komnir með fartölvur. Í Víkurskóla hafa kennarar aðgang að fartölvum sem eru flestar 1-2 ára. Í Víkurskóla fengu jafnframt allir kennarar sem vildu spjaldtölvur sem eru 3-4 ára gamlar. Áætlun gerir ráð fyrir að um 300 borðtölvum verði skipt út í grunnskólum í ársbyrjun 2021 og mun þá öllu fagfólki, m.a. verk- og listgreinakennurum í Engjaskóla, hafa boðist fartölva sem eigið vinnutæki.

Fartölvur starfsfólks borgarinnar eru endurnýjaðar samkvæmt viðmiðum upplýsingatæknideildar (UTR) en vert er að taka fram að borðtölvur eru ekki lengur endurnýjaðar í skólum borgarinnar. Haustið 2018 þegar um 700 fartölvur fóru til fagfólks sem óskaði eftir fartölvum í stað borðtölva bauðst skólum að halda eftir borðtölvum án þess að borga leigu af þeim. Einhverjir skólar óskuðu eftir að borðtölvur yrðu sóttar í skóla en margar vélar hafa víða verið notaðar áfram í starfi. Til dæmis hefur vélum verið bætt við í kennslustofum, skólasöfnum og öðrum rýmum sem bæði starfsfólk og nemendur hafa aðgang að. Þetta skýrir af hverju óvenjulega margar eldri borðtölvur er enn að finna í skólum. Haustið 2020 hófst verkefni í samstarfi SFS og UTD sem miðar að því að setja til reynslu ChromeOS stýrikerfi á eldri tölvur. Þetta framlengir líftíma vélanna, léttir þær í allri vinnslu og hentar vel samfara aukinni notkun skólalausna Google. Ef góður árangur næst af þessu verkefni er um að ræða endurvinnslu sem er umhverfisvæn í alla staði.

Tækjakostur nemenda

Núverandi viðmið um nemendabúnað í grunnskólum borgarinnar var sett í upphafi árs 2018 sem lágmarksviðmið til að jafna mjög ójafna búnaðarstöðu í borginni og bregðast við innleiðingu rafrænna samræmdra könnunarprófa. Það gerði ráð fyrir fjölda véla sem samsvarar aðgengi fjölmennasta árgangs á yngsta, mið- og unglingastigi. Aðgengi nemenda að búnaði í skólunum þremur er eftirfarandi samkvæmt svörum skóla.

- Í Borgaskóla eru 286 nemendur í 1.-7. bekk. Til eru 97 spjaldtölvur sem nýtast mjög vel í skólastarfinu, sérstaklega í smíðjuvinnu og sérkennslu. Í skólanum eru 30 krómbækur sem nýtast vel því kennarar setja upp námsumhverfi í Google Classroom. Vélarnar eru í fullri notkun alla daga á miðstigi og því kæmu fleiri vélar sér vel í starfinu. Nemendur hafa einnig aðgang að tölvuveri með 20 borðtölvum. Samtals eru þetta 147 vélar fyrir 286 nemendur sem er umfram eldra viðmið um 92 vélar.
- Í Engjaskóla eru um 260 nemendur 1.-7. bekk. Í stofum yngsta stigs eru spjaldtölvur aðgengilegar nemendum en skólinn á um 80 spjaldtölvur. Á miðstiginu eru um 40 krómtölvur nýttar fyrir um 120 nemendur og hafa kennarar nýtt Google Classroom markvisst í námi og kennslu. Í skólanum er tölvustofa með 20 borðtölvum. Þó nokkuð er til af gömlum borðtölvum í skólanum. Samtals eru þetta 140 vélar fyrir um 260 nemendur sem er umfram eldra viðmið um 96 vélar.
- Í Víkurskóla eru um 230 nemendur í 8.-10. bekk. Nemendur hafa aðgang að 103 krómtölvum, 30 spjaldtölvum og 15 fartölvum. Búnaður er á vögnum og fram kemur að fleiri krómvélar vanti fyrir nemendur. Eins verða nokkrar eldri borðtölvur og fartölvur nýttar fyrir nemendur þegar aðstaða fyrir þær verður uppsett (m.a. á skólasafni). Samtals eru þetta 148 vélar fyrir um 230 nemendur sem er umfram eldra viðmið um 97 vélar.

Mikilvægt er að hafa í huga að skólastarf í skólunum þremur er nýhafið og enn er unnið að því skapa aðstæður fyrir nám og kennslu. Fram kom að í einhverjum tilfellum þarf að bæta við hljóðkerfum, endurnýja skjávarpa og setja upp net- og rafmagnsstokka fyrir tölvubúnað. Ef horft er til viðmiðs um lágmarks nemendabúnað sem sett var í byrjun árs 2018 af skóla- og frístundaráði eru allir skólarnir þrír yfir því viðmiði. Engu að síður er ljóst að samfélagsbreytingar, hröð þróun náms- og kennsluhátta og veruleiki COVID 19 heimsfaraldursins sýnir aukna þörf skóla fyrir margvíslegan búnað; vélbúnað, hugbúnað og búnað sem býður upp á fjölbreytta og skapandi tækninotkun í nútímalegu skólastarfi.

Fjarfundir

Kennarar í Vættaskóla fengu sérstaka þjálfun vegna fjarfunda og fjarkennslu í vor en þess má geta að fagskrifstofa SFS sendi öllum kennurum og stjórnendum upplýsingar um fjarfundalausnir borgarinnar¹ og vefinn *Nám stutt af neti*² sem Nýsköpunarmiðja menntamála (NýMið) setti í loftið í mars 2020. Sá vefur inniheldur meðal annars leiðbeiningar um notkun Google Meet³ til fjarfunda.

Stafræn hæfni og nám í upplýsingatækni

Skólarnir þrír leggja áherslu á vinnu með hæfniviðmið aðalnámskrár í námssviðinu upplýsinga- og tæknimennt og stafrænni hæfni í fleiri greinum.

- Í Borgarskóla fá nemendur á miðstigi 2 kennslustundir á viku í upplýsingatækni. Nemendur á yngsta stigi fá upplýsingatæknikennslu samþætta annarri kennslu og upplýsingatæknikennari kemur að þeirri kennslu.
- Í Engjaskóla eru valgreinar í boði fyrir nemendur miðstigs en hrein upplýsingatæknimennt er ekki í gangi heldur er upplýsingatæknimennt samþætt öðru námi. Útfærslan verður m.a. á námskeiðsformi þar sem kennarar taka fyrir ákveðið

¹ <https://reykjavik.is/fjarfundir>

² <https://sites.google.com/rvkskolar.is/netnam>

³ <https://sites.google.com/rvkskolar.is/netnam/g-suite/google-meet>

viðfangsefni, t.d. kenna á Google Classroom, Google Meet, ýmis kennsluforrit og annað.

- Í Víkurskóla er upplýsinga- og tæknimennt kennd í 8. og 9. bekk og samsvarar um 40 mín á viku hjá 8. bekk og 40 mín hjá 9. bekk. Áhersla er lögð á samþættingu með öðrum námsgreinum. Að auki fer fram þjálfun í tækjanotkun í sjónlistum, nýsköpun og hönnun.

Auk fyrrnefnds starfs leggja skólarnir allir áherslu á og undirbúa frekara nám og kennslu er snýr að nýsköpun og tækni. Í heimsókn starfsmanna Nýsköpunarmiðju menntamála (NýMið) í skólana þrjá í september kom fram jákvætt viðhorf, kraftur og áhugi á að leggja áherslu á nýsköpun og tækni. Skólarnir vinna allir að áhugaverðum verkefnum, s.s. að setja upp aðstöðu til hljóð- og myndupptöku, snillismiðjur og nýsköpunarrými. Rætt var um mikilvægi þess og óskir um aðgang að búnaði líkt og Cricut föndurskera, Raspberry forritunartölvum, 3D prenturum, Osmo námsleikjum, öflugum tölvum til hljóð- og myndvinnslu, góðum hljóðnemum fyrir podcast, hljóðblandara til hljóðvinnslu í hljóðveri, þrífótum fyrir spjaldtölvur, stóru green screen tjaldi, stöndum og fleiru. Til að auka aðgengi á fjölbreyttum og skapandi tæknibúnaði er unnið að því að útibúi frá búnaðarbanka skóla- og frístundasviðs verði komið fyrir í skólunum. Slíkt býður upp á greiðari aðgang og samnýtingu framsækins tæknibúnaðar í hverfinu og styður við faglegt og gott uppbyggingarstarf í anda áherslna menntastefnu borgarinnar.